



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. nóvember 2012

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um neytendalán, 220. mál.**

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins við ofangreint frumvarp. Samtökin gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Í 10. gr. er kveðið á um að lánveitandi skuli meta láns hæfi neytenda áður en samningur um neytendalán er gerður. Lánveitanda er að auki gert að framkvæma greiðslumat við lánveitingu ef fjárhæð láns samnings er 1 m.kr. eða meira (2 m.kr. þegar um hjón eða sambúðarfólk er að ræða). Þá er ráðherra ætlað að setja reglugerð um nánari framkvæmd láns hæfis- og greiðslumats, þ.m.t. um hvaða gagna skal líta til, skráningu og uppfærslu gagna, endurgreiðslutímabil, neysluviðmið og undanþágur.

Samtökin taka undir athugasemdir Samtaka fjármálafyrirtækja um þessa grein frumvarpsins, sem koma fram í bréfi til þingnefndarinnar, dags. 7. nóvember sl. Ekki verður annað séð en að þetta ákvæði leggi auknar skyldur og vinnu á herðar lánveitenda frá því sem nú er. Þar má nefna margvísleg smásölufyrirtæki í landinu, sem bjóða upp á raðgreiðslur eða greiðsludreifingu vegna seldra vara. Samtökin leggja áherslu á að kröfur til lánveitenda í þessu skyni verði ekki of íþyngjandi og fari ekki umfram ákvæði 8. gr. í tilskipun 2008/48/EBE um lánsamninga fyrir neytendur.

Í 26. gr. er kveðið á um hámark árlegrar hlutfallstölu kostnaðar sem nemur 50 hundradshlutum að viðbættum stýrivöxtum, en sambærilegt ákvæði er ekki að finna í Evróputilskipun um lánsamninga fyrir neytendur. Neytendavernd tilskipunarinnar lýtur annars vegar að því að neytanda skulu veittar fullnægjandi upplýsingar svo hann geti tekið upplýsta ákvörðun og hins vegar að láns hæfi lántaka skuli metið. Að þessu uppfylltu ætti löggjafinn ekki að skipta sér frekar af skiptum lántaka og lánveitanda nema brýna nauðsyn beri til, enda er samningsfrelsi mikilvæg meginregla. Rétt er að gæta meðalhófs og velja minnst íþyngjandi leiðina að settu marki. Óljóst er hver hin brýna nauðsyn er sem um ræðir né hvernig löggjafinn hefur reynt minna íþyngjandi leiðir.

Samtökin telja ákvæði 26. gr. því ofaukið og vekja athygli á tilvísun í greinargerð frumvarpsins um álit Samkeppniseftirlitsins þar sem löggjafinn er hvattur til að skoða fyrst aðrar lausnir en höft á frjálsa verðmyndun á markaði. Samkeppniseftirlitið telur að ákvæðið geti verið samkeppnishamlandi og leggur til að það verði endurskodað innan einhvers árafjölda ef nauðsynlegt er talið að lögfesta það.

Loks taka Samtök atvinnulífsins undir tilmæli SFF um að gildistöku frumvarpsins verði frestað fram á mitt ár 2013.“

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins